

Minnisblað

2005379 - Undirskriftasöfnun, tilkynning, HS Veitur

Til: bæjarstjóra

Frá: Sigríði Kristinsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslusviðs og bæjarlögmanni

Dags: 20. nóvember 2020

Inngangur

Þann 23. október sl. barst Hafnarfjarðarbæ tilkynning þriggja einstaklinga um fyrirhugaða undirskriftasöfnun í Hafnarfirði „vegna kröfu um almenna atkvæðagreiðslu í bæjarfélaginu um þá ákvörðun bæjarráðs að selja 15,42% hlut Hafnarfjarðar í HS Veitum, sbr. fund bæjarráðs haldinn 22. október síðastliðinn“. Í erindinu er vísað til 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og í reglugerð nr. 155/2013 um undirskriftasafnanir vegna almennra atkvæðagreiðslna samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

Samhljóða erindi barst í maí sl. að meginhluta frá sömu aðilum vegna ákvörðunar bæjarráðs frá 22. apríl sl. um að hefja sölufrelsi á hlut bæjarins í HS veitum. Bæjarráð samþykkti þá á fundi sínum þann 4. júní sl. að undirskriftarsöfnun færi fram.

Söfnun undirskrifta fór fram á tímabilinu 15. júní til 13. júlí sl. og alls skráðu 1.593 nafn sitt á undirskriftarlistann eða 7,6% þeirra sem voru á kjörskrá. Var niðurstaða söfnunarinnar kynnt í bæjarráði þann þann 16. júlí sl.

Lög og reglur

Í 1. mgr. 107. gr. sveitarstjórnarlaga er fjallað um ákvörðun sveitarstjórnar um almenna atkvæðagreiðslu en þar segir:

„Sveitarstjórn ákveður hvort fram skuli fara almenn atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélagsins um einstök málefni þess, sbr. þó 108. gr.“

Um rétt íbúa til að hafa frumkvæði að þátttöku í málefnum sveitarfélagsins er fjallað í tilvísaðri 108. gr. sveitarstjórnarlaga, en þar segir í 2. mgr.:

„Ef minnst 20% af þeim sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 107. gr. skal sveitarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða hærra hlutfall í samþykkt um stjórn sveitarfélags en þó aldrei hærra en þriðjung þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi. Sveitarstjórnin á ákvörðunarvald um framkvæmd viðkomandi viðburðar og þá spurningu sem borin verður upp sé um að ræða almenna atkvæðagreiðslu meðal íbúa sveitarfélagsins. Um framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu meðal íbúa sveitarfélags fer eftir ákvæði 107. gr.“

Í 3. mgr. 108. gr. kemur fram að atkvæðagreiðslu verður ekki krafist um efni fjárhagsáætlunar og viðauka, um tekjustofna sveitarfélaga eða álagningu annarra lögheimilla gjalda, um ráðningu í störf hjá sveitarfélagi, um laun og önnur starfskjör sveitarstjórnarmanna eða

starfsmanna sveitarfélags eða tillögu sem gengur gegn lögum eða mundi leiða til þess að lagaskyldu yrði ekki fullnægt af hálfu sveitarfélagsins.

Í reglugerð nr. 155/2013 er svo mælt nánar fyrir um skilyrði og hvernig staðið verður að söfnun undirskrifta. Í 2. gr. reglugerðarinnar kemur fram að tilkynna skuli sveitarstjórn ef fyrirhuguð er undirskriftasöfnun í sveitarfélaginu þar sem óskað er eftir almennri atkvæðagreiðslu um tiltekið mál er varðar sveitarfélagið. Ef undirskriftasöfnun lýtur að ósk um atkvæðagreiðslu um tiltekna ákvörðun sem sveitarstjórn hefur þegar tekið skal frestur til þess að tilkynna um fyrirhugaða undirskriftasöfnun vera fjórar vikur frá því að ákvörðunin var birt.

Í 3. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um á hvaða grundvelli sveitarstjórn skal leggja mat á framkomna beiðni, en þar segir meðal annars:

„Eftir að sveitarstjórn hefur fengið tilkynningu um fyrirhugaða undirskriftasöfnun, þá skal hún innan fjögurra vikna meta hvort ákvæði 3. mgr. 108. gr. sveitarstjórnarlaga hamli því að unnt sé að krefjast almennrar atkvæðagreiðslu um málið og tilkynna ábyrgðaraðila um niðurstöðu sína án tafar.

[...]

Telji sveitarstjórn að undirskriftasöfnun samrýmist ekki 3. mgr. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal beiðninni hafnað. Unnt er að kæra þá ákvörðun til ráðuneytisins, sbr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga.“

Ályktun

Eins og áður hefur komið fram þá fór fram söfnun undirskrifta á tímabilinu 15. júní til 13. júlí sl. Alls skráðu 1.593 nafn sitt á undirskriftarlistann eða 7,6% þeirra sem voru á kjörskrá

Samkvæmt framangreindu verður talið að nú þegar hafi farið fram undirskriftarsöfnun þar sem óskað er eftir almennri atkvæðagreiðslu um sölu sveitarfélagsins á hlut sínum í HS veitum hf. og liggur niðurstaða þeirrar söfnunar fyrir.

Verður ekki séð að unnt sé að óska eftir nýrri undirskriftarsöfnun vegna sama máls.

Rétt er því að hafna fyrirliggjandi erindi um fyrirhugaða undirskriftasöfnun samkvæmt 2. mgr. 108 gr. sveitarstjórnarlaga.